

# Umsögn um stafræna stefnu Reykjavíkurborgar

Íbúaráð Vesturbæjar

Hér fyrir neðan eru athugasemdir Íbúaráðs Vesturbæjar við stafræna stefnu Reykjavíkurborgar.

## Skýjaþjónustur

Í undirmarkmiði um skýjaþjónustur eru tilgreind markmið 5 og 6 sem hljóma í nokkurri þversögn hvor við aðra því samræming og sveigjanleiki eiga ekki alltaf samleið, og yfirleitt þarf að finna einhverja málamiðlun þarna á milli.

5. Starfsstaðir vinna í samræmdum skrifstofuhugbúnaði.

6. Starfsemin býður upp á tæknilausnir sem hvetja til sveigjanleika og skilvirkara skipulags.

Mikilvægt er að finna jafnvægi sem tryggir sveigjanleika en einnig að notendur (bæði starfsfólk og íbúar) upplifi samræmi í viðmóti hjá Reykjavíkurborg.

## Vefir

Í undirmarkmiði um vefi segir

„Hönnunarstaðall og reglur um algilda hönnun liggja til grundvallar allri smíði og þróun.“

Þetta er mikilvægt. Algengt er að vefhönnuðir og forritarar gleymi stafræna aðgenginu sem hindrar fatlað fólk að geta nýtt sér þjónustu, aflað sér upplýsinga, þekkingar og í raun verið þátttakendur í samfélaginu.

„Öflug leitarvél skilar réttum og öruggum niðurstöðum.“

Lykilatriði fyrir aðgengi íbúa að upplýsingum.

## Upplýsingar

Undirmarkmið um upplýsingar eru öll góð og gild. Sérlega ber að fagna að „upplýsingar um starfsemi stjórnarsýslunnar, stefnumörkun og ákvarðanir [skuli vera] áreiðanlegar, aðgengilegar og birtar að frumkvæði borgarinnar.“ Oft eru upplýsingar um stöðu (og jafnvel tilvist) verkefna borgarinnar ekki aðgengilegar á vefum hennar eða óuppfærðar. Bragarbót á þessu yrði afar gagnleg íbúum sem eru að kynna sér eða fylgjast með framgangi mála.

Í annars góðum atriðum mætti bæta við markmiði um tengingu upplýsinga. Sem dæmi má nefna skipulagsmál sem fara í gegnum nokkrar umferðir í skipulagi vegna breytinga eða kæra. Gagnlegt væri að setja í stefnu að rekjanleiki tengdra mála með ólík málsnúmer væri tryggður á einhvern hátt.